



Umsóknir um íbúðir

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Umsóknir – Porkell Gíslason

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BYGGINGAFÉLAG ALPÝÐU

SÍMI 2738


REYKJAVÍK, 2. júní 1936

Herra Þorkell Gíslason,
Bergþórugötu 31

Félagsstjórnin hefir samþykkt að verða við umsókn yðar um 2 herbergja íbúð í hinum fyrirhuguðu verkamannabústöðum enda standið þér við setta skilmála fyrir kaupunum og greiðið fyrsta framlag yðar til íbúðarinnar kr. 433.33 einhvern daganna 3. 4. eða 5. júní n.k. kl. 5-7 e.h. Greiðslum verður veitt móttaka á skrifstofu félagsins Bræðraborgarstíg 49 og kvittar Gestur Pálsson, lögfræðingur fyrir félagsins hönd fyrir greiðslunum.

Með félagskveðju,

f.h. Byggingafélags alpýðu,



formaður.

BYGGINGAFÉLAG ALÞÝÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 19. maí 1936

Hr. Þorkell Gíslason,
Bergþórugötu 31

Útaf umsókn yðar um íbúð í næstu byggingum félagsins biðjum vér yður í þessari viku að koma á skrifstofu Olfuverslunar Íslands h/f. og undirskrifa þar umboð til stjórnar Byggingafélags alþýðu um að hún fái að skoða skattaframtöl yðar fyrir 3 sl. ár, svo að hægt sé að sannreyna hvort tekjur yðar og eignir eru undir ákveðnu lágmarki.

Virðingarfyllt
f.h. Byggingafélags alþýðu,

